

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2006
2006030034/42-1
JGO/

Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál - umsögn

Vísað er til bréfs Landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 28. mars sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur skoðað þetta frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir við það.

2. gr. *Gildissvið*

Náttúrufræðistofnun er sammála því að gæta þurfi samræmis við framkvæmd laga um fiskrækt, um lax- og silungsveiði og laga um eldi vatnafiska. Stofnunin telur jafnframt að kveða ætti á um mikilvægi þess að gæta að lögum um náttúruvernd við framkvæmd laga um varnir gegn fisksjúkdómum, sbr. 41. gr. náttúruverndarlaga.

3. gr. *Skilgreiningar*

Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða þurfi 3. gr. frumvarpsins frá grunni, fækka skilgreiningum verulega og samræma þær. Jafnframt að samræma skilgreiningar í systurfrumvörpunum fjórum. Rök fyrir þessari skoðun stofnunarinnar eru að finna í umsögnum hennar um frumvörp um lax- og silungsveiðar (607. mál) og um fiskirækt (613. mál), dags. 19. apríl 2006.

6. gr. *Um innflutning skrautfiska*

Náttúrufræðistofnun telur að skoða þurfi þessa grein með hliðsjón af 41. gr. náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

